

Hæfniviðmið í hönnun og smíði – þrep 3

Handverk

Valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkefna.
Sagt frá mikilvægi verkþekkingar í nútímasamfélagi.

Hönnun og tækni

Útskýrt hugmyndir sínar með fríhendis- og grunnteikningu.
Unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu.
Framkvæmt flóknari samsetningu s.s. samlímingu, töppun og skrúfun.
Hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu.
Sagt frá hvernig tækni er nýtt í atvinnulífinu.
Gert grein fyrir áhrifum nýsköpunar í samfélaginu.

Umhverfið

Greint vistvæn efni frá óvistvænum efnum og haft sjálfbærni að leiðarljósi við vinnu sína s.s. við efnisval.
Gert sér grein fyrir hvort eða hvernig er hægt að endurnýja ýmsa hluti til að lengja líftíma þeirra.
Beitt viðeigandi vinnustellingum, notað réttan hlífðarbúnað, fjallað um vinnuvernd og sýnt skilning á hvers vegna vinnureglur eru settar.
Metið eigið verk og annarra og rökstutt álit sitt með þeim hugtökum sem námsgreinin býr yfir.

Sameiginleg hæfniviðmið í list- og verkgreinum – þrep 3

Unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til afurðar og útskýrt verkferlið.
Hagnýtt leikni og þekkingu á skapandi hátt og sýnt frumkvæði.
Tekið þátt í samvinnu og tekið tillit til annarra í hópavinnu.

Haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni.
Beitt helstu tækni (tæki og vinnulag) sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt.
Sett verkefni sín í menningarlegt samhengi.
Tjáð sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greinin býr yfir.
Sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði.
Metið eigið verk og annarra og rökstutt álit sitt með þeim hugtökum sem námsgreinin býr yfir.